

kröfum í máli þessu, Málskostnaður fellur niður bæði í aðalsök og gagnsök fyrir báðum rjettum.

Dómi þessum ber að fullnægja áður 8 vikur sjeu liðnar frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 27. janúar 1919.

Nr. 24/1918:

Valdemar Árnason
gegn
Árna Böðvarssyni.

D ó m u r:

Þess skal fyrirfram getið, að fyrir sjódominum var lagt fram sem rjettarskjal nr. 24 viðskiptabók eins af hásetum á bátnum Viola, en að þetta rjettarskjal, sem átti að fylgja dómsgjörðunum in originali, hefir ekki verið lagt fram í yfirdómi, og og er talið glatað. Þar sem stefndi hefir ekki krafist frávisunar á málinu af þessum sökum og áfrýjandi hefir fallið frá mótmælum sínum, er bygðust á þessu rjettarskjali, þykir ekki ástæða til að vísa málinu frá dómi ex officio.

Mál þetta höfðaði fyrir sjódomi Reykjavíkur Valdemar Árnason sjómaður gegn Árna Böðvarssyni útgerðarmanni og eiganda mótorbátsins »Viola«. Gekk bátur þessi til sildveiða sumarið 1916, og var Valdemar háseti á honum um sildveiðitímann. Um kaup hans og 11 annara háseta á bátnum var svo

samið, að þeir skyldu taka til jafnra skifta $\frac{85}{100}$ af öllum afla bátsins. Nokkrum af hásetum þessum, þar á meðal Valdemar Árnasyni, þótti sjer vangoldið kaup það, er þeir ættu tilkall til af afla bátsins, og auk þess litu þeir svo á, að aflahlutur þeirra hefði af völdum útgerðarmanns skerst að verulegum mun, svo að honum bæri að bæta þeim fyrir það Þessar kröfur hefir Valdemar Árnason fengið sjer framseldar til eignar frá 4 hásetum bátsins og sækir nú Árna Böðvarsson til að fullnægja þeim og sinni eigin kröfu. Krafa sækjanda fyrir sjódómnum var í upphafi kr. 2872,11, en á síðara stigi málsins færði hann kröfuna niður í kr. 2483,01, og til vara í kr. 2108,01. Í sjódómnum lauk málinu með dómi uppkveðnum 18. júní 1817 þannig að stefndi Árni Böðvarsson skyldi greiða stefnanda Valdemar Árnasyni 820 kr. með 6% ársvöxtum frá stefnudegi 12. okt. 1916 til greiðsludags, en málskostnaður skyldi falla niður.

Þessum dómi hafa báðir aðilar skotið til yfirdómsins, Valdemar Árnason að fengnu uppreistarleyfi, með stefnu dags. 5. júní f. á., og Áruí Böðvarsson með gagnstefnu dags 11. okt. f. á. Eru það kröfur aðaláfrýjanda, að stefndi (gagnáfrýjandi) verði dæmdur til að greiða honum kr. 2872,11 með 6% ársvöxtum og málskostnað fyrir báðum rjettum eftir mati yfirdómsins, svo og að honum verði dæmt lögveð í mórtorbátnum »Viola«. En gagnáfrýjandi krefst, að dóminum verði breytt þannig, að hann verði sýknadur af öllum kröfum aðaláfrýjanda og fái sjer dæmdan málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati rjettarins.

Svo sem þegar er getið færði áfrýjandi kröfu sína fyrir sjódómnum niður í kr. 2483,01, og getur hún þá ekki orðið hærri hjer fyrir rjettinum. Af þessari upphæð eru eftir reikningi áfrýjanda kr. 788,45 vantalið andvirði fyrir aflahluti þeirra 5 háseta á »Viola«, sem um er að ræða í þessu máli, en þessi liður kröfunnar stafar bæði af því að áfrýjandi telur afla bátsins meiri og reiknar sildarverðið hærra en stefndi. Í annan stað krefst áfrýjandi skaðabóta handa þessum 5 hlutamönnum fyrir tjón. er þeir hafi bedið við það að hlje hafi orðið á úthaldi bátsins fyrir ráðstöfun stefnda um vikutíma, þegar afli var bestur, og reiknar hann hverjum háseta kr. 350,00 í bætur fyrir þetta, eða samtals fyrir þá alla kr. 1750,00. Verður kröfuupphæðin, kr. 788,45 + kr. 1750,00, eftir þessu kr. 2538,45 og þannig nokkru hærri en hin niðurfærða krafa áfrýjanda fyrir sjó-dóminum. Til vara krefst áfrýjandi að skaðabæturnar verði ákveðnar 275 kr. fyrir hvern háseta, samtals 1375 kr. og verður þá krafa hans öll kr. 2108,01.

Að því er snertir aflahæð bátsins, hefir áfrýjandi eigi hnekt sundurliðaðri skýrslu stefnda þar um eða sannað að hún hafi verið meiri en af honum tilgreind.

Um sildarverðið er það upplýst, að upphaflega var svo um samið, að fyrir hvern hlut átti að greiðast alment gangverð á Siglufirði, en áfrýjandi heldur því fram, að um mánaðamótin júlí og ágúst hafi stefndi lofað að greiða hlutamönnum 15 kr. fyrir hvert sildarmál. Þessu til stuðnings hefir áfrýjandi leitt vitni, og hafa þau borið að þeim hafi verið vitanlegt að

stefndi hafi fyrir hönd erlends fjelags »Hekla», er virðist hafa haldið bátnum úti og haft stefnda fyrir útgerðarstjóra, lofað hlutamönnum 15 kr. fyrir hvert síldarmál, en þar sem það er upplýst að stefndi neit- aði að undirskrifa samning, er hásetarnir höfðu látið setja upp um þetta, virðist varhugavert gegn ein- dreginni neitun stefnda að telja sannað, að um full- naðarloforð hafi verið að ræða, og verður því að sýkna stefnda af þessari kröfu.

Skadabótakröfunni, kr. 350,00 fyrir hvern hluta- mann, hefir stefndi mótmælt, og áfrýjandi eigi leitt nein ábyggileg rök að henni. Verður hún því eigi tekin til greina. Varakröfuna 5×275 kr. byggir áfrýjandi á loforði stefnda; tjáir hann stefnda hafa lofað hlutamönnum 200 kr. hverjum til uppbótar fyr- ir stöðvun, er varð á veiðiskapnum og ennfremur 75 kr. þóknun fyrir óhagræði, er þeir hafi haft af því, að framan af veiðitímanum hafi hæfilegir snerpinóta- bátar eigi verið til taks. Þessari síðartöldu upphæð hefir stefndi mótmælt af því að eigi hafi verið stefnt um hana, og verður að taka þau mótmæli til greina. Stefndi neitar því að það hafi verið að sínu fyrirlagi, að veiðin stöðvaðist um tíma og að hann hafi lofað hlutamönnum neinum uppbótum fyrir það, en hann kveðst aðeins hafa lofað að leggja það til við fjelag- ið, sem leigði »Viola», að það greiddi hlutamönnum 200 kr. uppbót hverjum fyrir veiðitímann, ekki að- eins vegna þess, að báturinn var þessa 8 daga frá veiðum, heldur og með tilliti til þess að báturinn byrjaði veiði í seinna lagi og að gangverð síldarinn-

ar varð lægra en við var búist. Þetta loforð kveðst stefndi hafa efnt, og lagt það til við fjelagið, að hlutamenn fengju þessa uppbót, en fjelagið hafi eigi enn samþykkt það.

Það verður að teljast sannað þrátt fyrir mótmæli stefnda, meðal annars með vitnisburði formannsins á »Viola«, að það hafi verið eftir ráðstöfun stefnda, að báturinn hætti veiði um vikutíma. Um loforð stefnda til hlutamanna er þetta upplýst: Á reikningi sínum til eins þeirra hefir stefndi ritað svolátandi athugasemd: »Samkvæmt loforði ber Bjarna Stefánssyni að fá tvö hundruð krónur, sem sje fyrir stopp það, er varð i sumar af því tunnur vantaði i sildveiðitímann (sic) sem jeg greiði honum strax og jeg fæ peninga til þess frá fjelaginu«, og má ætla að þessi áritun hafi og verið gerð á reikninga annara hlutamanna, með því að stefndi hefir eigi mótmælt því að svo hafi verið. Vitni hefir borið það, að það hafi optar en einu sinni heyrt stefnda lofa því, að hann skyldi greiða hlutamönnum 200 kr. hverjum fyrir »stoppið«, þegar upp væri gjört, og enn hefir formaður bátsins borið það sem vitni, að honum sje kunnugt um að stefndi hafi gert upp hreina reikninga við suma mennina með 200 kr. skaðabótum. Með þessum upplýsingum virðist það vera sannað að stefndi hefir heitið hlutamönnum áminstri uppbót, en þar sem stefndi skýrir svo frá, að fjelagið (Hekla) hafi eigi samþykkt þessa uppbót, verður að líta svo á, að stefndi með því að gefa þetta loforð hafi farið lengra en umboð hans frá fjelaginu náði og þá að eins skuldbundið.

sjálfan sig og tekið á sig ábyrgð fyrir efndum á lof-orðinu. Það þykir því eiga að taka þessa kröfu áfrýjanda til greina og og dæma stefnda til að greiða honum $5 \times 200 = 1000$ kr. — En nú hefir stefndi lagt fram eftirrit af reikningum yfir viðskifti sín við þá 5 háseta á Viola, er ræðir um í máli þessu, og bera reikningarnir með sjer, að stefndi telur sig hafa ofgreitt:

Valdemar Árnasyni	kr. 0,61
Erlendi Gíslasyni	> 58,61
Sigurði Runólfssyni	> 8,61
Bjarna Stefánssyni	> 53,61

Samtals kr. 121,44

Áfrýjandi hefir vefengt nokkrar peningaúttektir, sem hann telur oftaldar í reikningum þessum, hluta-mönnunum til úrgjalda, en fyrir yfirdóminum hefir áfrýjandi fallið frá mótmælum sínum gegn stærstu úttektarupphæðinni og að öðru leyti hafa mótmælin ekki áhrif á útkomu reikninganna. Þessar 121 kr. 44 a. ber því að draga frá ofannefndum 1000 kr., en eftirstöðvarnar 878 kr. 56 a. ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda með 6% ársvöxtum eftir kröfu hans, sem ekki er sjerstaklega mótmælt, frá stefnu-degi til greiðsludags.

Kröfu áfrýjanda um sjóveðrjett í mótorbátnum Viola hefir stefndi mótmælt, sökum þess að hún hafi ekki verið tekin upp í sjódómsstefnuna. Þessi mótmæli verða þó ekki tekin til greina, og þar sem mál-

ið hefir verið höfðað í tæka tíð ber að viðurkenna sjóveðrjett áfrýjanda í mótorbátnum.

Yfirdómurinn felst á ákvæði sjódómsins um málskostnað. Það þykir og rjett, að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Þvi dæmist rjett vera:

Stefndi Árni Böðvarsson greiði áfrýjanda Valde-
mar Árnasyni 878 kr. 56 a. með 6% ársvöxtum frá
stefnudegi til greiðsludags, og hefir áfrýjandi sjóveð-
rjett í bátnum »Viola« fyrir þessari upphæð með
vöxtum uns greitt er.

Málskostnaður fyrir sjódómi og yfirdómi falli
niður.

Dóminum ber að fullnægja áður liðnar sju 8
vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-
aðför.

Mánudaginn 10. febrúar 1919.

Nr. 1/1919:

Rjettvísinn
gegn

Bjarna Jónssyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Strandasýslu, uppkveðnum